

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2017

Efni: Samráð um drög að skilmálum uppboðs

I. Inngangur

Vísað til samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar um drög að skilmálum uppboðs á tíðniréttindum á 700 MHz, 800 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum, sbr. tilkynning PFS þar um, dags. 23. mars 2017. Áður hafði PFS birt drög að skilmálum fyrirhugaðs uppboðs þann 11. október 2017.

Meðal þess sem kom fram í fyrri athugasemdum var að fjarskiptafyrirtæki töldu rétt að bíða eftir að afdrif ónotaðra tíðniheimilda á 800 MHz tíðnisviðinu skýrðust. Nú hefur komið á daginn að í lok febrúar var skilað 2x10 MHz tíðniheimild á 800 MHz tíðnisviðinu, sem áður var á hendi 365 miðla hf. PFS hefur í hyggju að bjóða upp þessar tíðnir ásamt þeim tíðnisviðum sem áður var boðað að yrðu boðin upp. PFS hyggst jafnframt fresta uppboði á einni af þremur tíðniheimildum á 700 MHz tíðnisviðinu vegna ábendinga um að það gæti verið þörf á þeim tíðnum fyrir neyðarfjarskipti.

Fjarskipti hf. (Vodafone) er sem fyrr þeirrar skoðunar að ótímabært og óþarft sé að úthluta nokkrum einustu tíðnum á 700 Mhz bandinu. Þetta ræðst af þeirri einföldu staðreynd, að enn er verulegur hluti 800 Mhz bandsins ónýttur. Vísast um nánari rökstuðning m.a. til bréfs Vodafone, dags. 15. nóvember 2016. Þar kom m.a. fram, að innan Evrópu hafa einungis tvær þjóðir (Þýskaland og Frakkland) þegar úthlutað tíðnum á 700 MHz bandinu. Í millitíðinni hefur Finnland reyndar bæst í þann hóp en Svíþjóð hefur nú hætt við útboð og 700 MHz bandinu. Fæst ekki séð á hvaða grundvelli Ísland ætti að vera í fararbroddi við að úthluta tíðnum á þessu tíðnibandi.

Í bréfi félagsins, dags. 15. nóvember 2017, kom fram sú skoðun að Vodafone teldi það ekki hagnýta eða skilvirka nýtingu á takmörkuðum gæðum að úthluta tíðnum á 700 Mhz bandinu meðan tíðnir eru ekki nýttar á 800 MHz bandinu. Jafnframt að Vodafone teldi einnig að á næstu árum muni ný tækni, sbr. 5G sem og þörf fyrir tíðnibönd fyrir IoT, ryðja sér til rúms, og því mikilvægt að

tíðniböndum, sérstaklega á lágum tíðniböndum, sé ekki úthlutað, áður en nokkuð skýr myndist um þörf á tíðniböndum vegna þessara nýju tækni. Eðlilegt væri að fylgjast með þróun mála í Evrópu á þessu tíðnibandi í einhvern tíma, enda engin knýjandi þörf á að taka 700 MHz tíðnibandið í notkun.

Nú hefur sú þróun átt sér stað, að skv. fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar ESB frá 14. desember 2016, hefur ráðherraráðið og framkvæmdastjórnin ná samkomulagi um hvernig rétt sé að samræma nýtingu á 700 MHz bandinu fyrir farnetsþjónustu og þannig greiða fyrir innleiðingu 5G farnetsþjónustu frá og með 2020.

Orðrétt segir í fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar ESB:

Demand for wireless connectivity using smart phones and future 5G devices is continuously growing. By 2020 there will be nearly eight times as much mobile internet traffic as today. This connectivity depends on radio spectrum – the key and finite resource for wireless communications. Since radio frequencies know no borders, the timing of spectrum release needs to be better coordinated at EU level to avoid interference. This will also help innovative services, such as connected cars, remote health care, smart cities or video streaming on the move to work across the continent.

Jafnframt segir orðrétt um 700 MHz bandið sérstaklega:

The 700 MHz band should be assigned to mobile operators and made available for wireless broadband use by 30 June 2020 at the latest in all EU Member states. Duly justified exceptions – on grounds defined in the Decision – are possible until 30 June 2022.

Með vísan til ofangreinds liggur fyrir að ekki er skylt að úthluta tíðnum á 700 MHz bandinu fyrr en á árabílinu 2020-2022. Þannig er PFS allt að fimm árum of snemma á ferðinni að efna til uppboðs á tíðnum á þessu bandi. Það er því sem fyrr *krafa Vodafone* að ekki fari fram úthlutun á 700 Mhz bandinu, fyrr en 800 Mhz bandið verði fullnýtt. Þar sem 2x10 MHz tíðniheimild á 800 MHz tíðnisviðinu hefur nú verið skilað til PFS er einsýnt að efna beri til uppboðs á henni, sem og 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum.

Hér að neðan fara engu að síður athugasemdir félagsins, kjósi PFS að halda áfram uppboðsferlinu í heild sinni. Athugið að óskað er eftir trúnaði um það sem er rauðmerkt í skjalinu.

II. Athugasemdir við samráðsskjalið

- 1) Varðandi grein 2.5 Hámarksbandvídd á 700, 800 og 900MHz. Í drögum að skilmálum er talað um hámark 2*40 MHz samtals á tíðniböndum 7,8 og 900 fyrir hvert farsímafyrirtæki.

.....

2*40 samtals á 700 og 800MHz bandi er aftur á móti nokkuð stór hluti af 700 og 800MHz böndum og því eðlilegt að lækka þetta max í 2*30 MHz miðað við 700 og 800 MHz.

Almennt má segja að það að setja hámark fyrir einn aðila um 2*40MHz á tíðniböndum sem ná 2*95 MHz, með þrjá aðila á markaði, sé í raun ekki gott fyrir markaðinn, það leiði til einhæfrar þjónustu aðila á markaði, þar sem þetta þýði að enginn aðili geti náð afgerandi sérstöðu á lægri tíðniböndum.

- 2) Of stór bönd í uppboðsskilmálum. Vodafone ítrekar fyrri athugasemdir um að bjóða beri almennt upp tíðnir í 2*5MHz hólfum, en ekki í stærri hólfum eins og 2*10 eða 2*20, markmiðið með því er að tryggja hámarks nýtingu tíðnibanda. Má í þessu sambandi vísa í Evrópusambandsákvörðun 2016/687, frá 28.apríl 2016 sem segir með berum orðum varðandi úthlutanir á 700 MHz böndum: „the assigned block sizes shall be in multiples of 5 MHz (1)“. Einnig má benda á að í 700 MHz uppboðum bæði í Þýskalandi og í Finnlandi voru boðin upp sex 2*5 MHz hólf. Í Þýskalandi voru einnig boðnar upp tíðnir á 900 og 1800 MHz böndum samhliða 700MHz uppboðinu og voru þau öll í 2*5 MHz hólfum. Vodafone sér engin sterk rök fyrir því að tíðnihólfir séu boðin út í stærri hólfum en 2*5MHz, og leggur mikla áherslu á að PFS haldi sig við tilmæli og venjur um úthlutanir í evrópu í þessu samhengi.
- 3) Póst og Fjarskiptastofnun hyggst, í drögum að uppboðsskilmálum um 700Mhz bandið, halda eftir 2*10MHz bandi. Má ætla að rökin fyrir þessu komi frá innanríkisráðuneytinu og Neyðarlínunni og snúi að neyðarþjónustu. Það liggur hins vegar fyrir að í Finnlandi ákvað Póst og Fjarskiptastofnun þar í landi að halda ekki eftir tíðnibandi fyrir neyðarþjónustu þrátt fyrir óskir ráðuneyta þar í landi, heldur frekar setja kvaðir um aðgang fyrir neyðarþjónustu á þá sem fengju úthlutað tíðniböndum á 700MHz, enda stuðlar það að hagkvæmari nýtingu tíðnibandsins. Að mati Vodafone þarf frekara samráð um niðurstöðu þessa máls á Íslandi áður en til nokkurs uppboðs á 700MHz tíðnibandi kemur. Til viðbótar má benda á, að góð þjónusta gagnvart viðskiptavinum næst yfirleitt fram með samfelldu tíðnibandi og með því að afmarka 700MHz uppboð við 2*20 Mhz eru allar líkur á að engir viðskiptavinir muni geta nýtt nema helming af 20MHz band getu sem símtæki styðja í dag, þar sem 2-3 aðilar munu vera að bjóða í þessi 2*20 MHz.

4) Varðandi grein 2.2.2.1

- Búið er að hækka uppbyggingakröfur úr 98%/lok 2020/30Mbps í 99%/lok 2022/50Mbps. Kostnaðurinn við auka 1% er klárlega umtalsverður.

.....

- Það er skrytið að gagnahraðinn miðist ekki við þá heildar bandbreidd sem tíðnirétthafi hefur til umráða. Það er alveg ljóst að það verður erfitt að ná þessu marki með 10MHz, jafnvel með 15Mhz carrier. Það er í raun með þessu verið að þvinga þá sem bjóða til að taka a.m.k. 20MHz á lágu böndunum.

.....

- Síðustu klausuna í þessum kafla má skilja þannig að bæði 700 og 800MHz böndin eigi hvort um sig að ná til 50% af útbreiðslukröfum. Það gæti verið óþarflega íþyngjandi að skylda tíðnirétthafa til að láta hverja tíðni ná til a.m.k. 50% af útbreiðslukröfum. PFS gæti talið að það væri einfalt að ná þessu fram með því t.d. að byggja upp nokkra senda á þessum böndum á höfuðborgarsvæðinu. Það getur þó verið snúið að tryggja að þessi sendar verði ekki of lestaðir á svo þéttbýlum svæðum, sérstaklega ef tíðnirétthafi hefur fá MHz t.d. bara 5 eða 10 á öðru hvoru bandinu. Þetta getur því flækt rekstur og orðið til vandræða fyrir notendur.

5) Varðandi grein 2.2.3

Síminn gerði athugasemd við þetta í síðasta samráði. Vodafone er sammála Símanum um að þetta er verulega íþyngjandi og ekki sé raunhæft að verða við þessum kröfum um nákvæmar tímasettar uppbyggingaráætlanir. Hingað til hefur þetta verið óþarfi enda núverandi aðilar á þessum markaði sýnt að þeir eru fullkomlega hæfir til að uppfylla uppbyggingakröfur án þess að skipuleggja heildar verkefnið langt fram í tímann.

6) Varðandi grein 2.2.6

- Móttökustyrkur: Það er mikill eðlismunur á LTE og UMTS og allt annar viðmiðunarstyrkur, varðandi hvað telst hár og lágur styrku á milli þessara tækna. Einnig er óþarfi að tiltaka einhvern viðmiðunarstyrk þegar það er krafa um ákveðinn gangaflutningshraða, þar sem merkisstyrkur einn af þeim þáttum sem hefur bein áhrif á gaganflutningshraðann.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjarskipta hf.

Kjartan Briem
Framkvæmdastjóri tæknisviðs